

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	23.maí 2022
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunarmála
Verkefni/tillaga:	Samningur við Alzheimersamtökin um framtíðarhúsnæði fyrir sértæka dagdvöl
Þjónustubáttur:	Sérhæfð dagdvöl fyrir heilabilaða
Stofnun/kostn.st.:	V-
Fjárhæð:	Innan fjárhagsramma
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Samningur við Alzheimersamtökin um framtíðarhúsnæði fyrir sértæka dagdvöl. Lagt er til að velferðarráð samþykki að gerður verði meðfylgjandi samningur við Alzheimersamtökin um framtíðarhúsnæði fyrir sértæka dagdvöl, Fríðuhús, og um tímabundinn rekstur Foldabæjar fyrir fjórar konur með heilabilunarsjúkdóm. Samhliða verði aukinn stuðningur við fólk með Alzheimer í heimahúsum meðal annars með sérhæfðu heilabilunarteymi. Tillagan gerir ekki ráð fyrir viðbótarkostnaði.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að þeim sem eru heilabilaðir en geta búið á eigin heimilum og fjölskyldum þeirra.
Hvaða hópa snertir tillagan? Fólk sem er heilabilað
Einstaklinga með heilabilun sem aðstæðna sinna vegna geta búið heima og fjölskyldum þeirra. Um leið og hinum heilabilaða einstaklingi er veittur stuðningur með því að sækja dagdvöl. Með þessu móti væri verið að létta álagi af heimilinu og bæta lífsgæði fjölskyldunnar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.